

Samkomuhús Grundarfjarðar

Endurnýjun þakklæðningar

Verklýsing

4.Febrúar 2022

Grundarfjarðarbær

Borgarbraut 16, Grundarfirði



Efnisyfirlit

Yfirlit yfir verkið:.....	3
1.1 Aðstaða og rekstur vinnusvæðis.....	3
2.1 Rif.....	4
2.2 Rífa borðaklæðningu og farga.....	4
2.3 Ný borðaklæðning.....	4
2.4 Þakpappi.....	5
2.5 Lektur.....	5
2.6 Aluzink bástál.....	5
2.7 Aluzink bástál á gafli þaks.....	6
2.8 Aluzink bástál á þakkant.....	6
2.9 Kjöljárn.....	6
2.10 Áfellur.....	7
2.11 Þakrennur og niðurföll.....	7
2.12 Þaktúða.....	7
9. Aukaverk.....	8
9.0 Aukaverk Almenn atriði.....	8
9.1 Reikningsvinna.....	8

**Yfirlit yfir verkið:**

Verkið felur í sér endurnýjun á núverandi þakklæðningu á eldri byggingu samkomuhúss Grundfirðinga við Sólvelli 3, núverandi þakklæðning er komin til ára sinna, rífa þarf núverandi þakklæðningu, flasningar, kjöljárn og þakpappa og farga ásamt því að yfirfara borðaklæðningu og endurnýja eftir þörfum.

Koma skal fyrir nýjum þakpappa, lektum og svo nýrri þakklæðningu, einnig skal endurnýja klæðningu á göflum og þakköntum.

Öll verk við framkvæmdina skal verktaki vinna samkvæmt verklýsingu. Í tilboðsskrá og verklýsingu er kveðið nánar á um hvaða þættir eru innifaldir í tilboðsverkinu.

1.1 Aðstaða og rekstur vinnusvæðis.

Verktaki getur nýtt sér samkomuhúsið undir aðstöðu fyrir starfsmenn sína á meðan á verkinu stendur og skal staðsetning í samkomuhúsinu ákvarðast í samráði við eftirlitsmann verkkaupa. Verktaki fær tengingu við rafkerfi samkomuhússins sér að kostnaðarlausu. Um lagningu vinnubíla á verktíma sé samráð haft við eftirlitsmann (bílastæði við húsið eru alla jafna vel nýtt af nærliggjandi vinnustöðum, þannig að unnt sé að gera þeim viðvart).

Verktaki skal flytja burtu og farga öllum efnisafgöngum, rusli og því sem hann er að rífa og fjarlægja í verkinu, á sinn kostnað í samræmi við það sem fram kemur í verklýsingum. Kostnaður við gamaleigu fellur þar undir. Verktaki skal þrifa svæðið reglulega af slíkum efnisafgöngum og rusli og getur verkkaupi synjað um áritun reikninga fyrir framkvæmd verks þar til úr hefur verið bætt telji hann að svo hafi ekki verið gert.

Verktaki skal fjarlægja alla sína aðstöðu í verklok, þrifa eftir sig innan- og utanhúss og gera hugsanlega við skemmdir sem hann hefur valdið á verktímanum, ef það hefur ekki verið gert á þeim tíma.

Setja þarf upp fallvarnir þegar unnið er við þakbrún og skal sú vinna innifalin í þessum verklið. Telji verktaki að hann þurfi vinnupalla til verksins skal það innifalið í þessum verklið, vinnupallar og fallvarnir skulu vera í samræmi við reglur Vinnueftirlitsins.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp sem heild eins og fram kemur í magnskrá. Greitt verður fyrir aðstöðulið eftir framvindu verks. Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við aðstöðuna, svo sem vinna, efni, hifingar, aðflutningar og brottflutningar vinnugáms, vinnupallar, akstur, þrif í verklok, fæðisgjald starfsmanna, förgun og rýrnun o.s.frv. Einnig rafmagn og hiti og rekstur vinnusvæðisins að öðru leyti og rekstur aðstöðunnar á meðan á verki stendur.



2.1 Rif

Liður þessi felur í sér rif á eftirtöldum byggingarefnum ásamt förgun.

- Bárujárn
- Kjöljárn og flasningar
- Gafklæðningu
- Þakkantsklæðningu
- Þakpappa og pappasaum
- Þakrennur og þakniðurföll

Þess skal vandlega gætt að ekkert skemmist við rifin, ef það gerist er þak á ábyrgð verktaka og fellur kostnaðurinn við viðgerðirnar því á verktaka. Skal þess sérstaklega gætt að ekki stafi slyshætta af þessari vinnu.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó fermetrum (m²) og lengdarmetrum (m). Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið svo sem efni, vinna, vélar og flutningar.

2.2 Rífa borðaklæðningu og farga.

Liður þessi felur í sér rif á núverandi borðaklæðningu eftir þörfum, þegar búið er að rífa þakpappa og pappasaum skal kalla til eftirlitsmann verkkaupa, farið verður yfir núverandi borðaklæðningu, komi í ljós fúí og/eða skemmdir skal fjarlægja þau borð og farga í samráði við eftirlitsmann verkkaupa.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó fermetrum (m²) í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið svo sem efni, vinna, vélar, flutningur og annað sem til þarf til að fullklára verklið.

2.3 Ný borðaklæðning

Liður þessi felur í sér að leggja til og koma fyrir nýrri borðaklæðningu á þak í stað þeirra sem voru fjarlægð. Um er að ræða furuborð 25 x 150 mm. Klæðningin skal negld í hverja sperru með galvanhúðuðum saum 31/80.

Hvert borð neglist í hverja sperru í samræmi við eftirfarandi:

Á úthornum húss, 1,5 x 1,5 m.:	5 stk.
Meðfram útbrúnum húss, 1,5 m.:	3 stk.
Inni á þaki:	3 stk.

Borð skulu sett saman á sperrum og samsetningar skulu ekki vera fleiri en tvær í röð á sömu sperru og minnst eitt heilt borð á milli.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó fermetrum (m²) í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið svo sem efni, vinna, vélar og flutningar. Einnig festingar, umframmagn vegna afskurðar, rýrnunar og skemmda o.s.frv.

2.4 Þakpappi

Liður þessi felur í sér að leggja til og koma fyrir þakpappa undir þakklæðningu á þak. Pappi festist með pappasaum við borðaklæðningu eða með heftum og þá með plastborða á milli hefta og pappa og úr ryðfríu efni, sé pappinn negldur niður skal nota pappasaum c/c 50mm. Pappinn leggist langsöm eftir þakinu og skarist um minnst 250mm á þversum samskeyta og 100mm á langsöm samskeytum. Komi slysgöt á pappa skulu þau lagfærð í samráði við verkkaupa fyrir klæðningu. Þyngd þakpappa skal vera a.m.k 1,87 kg/m² og yfirborð pappans skal vera sendið.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó fermetrum (m²) Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið svo sem efni, vinna, velar, flutningur og annað sem til þarf til að fullklára verkið.

2.5 Lektur

Liður þessi felur í sér að leggja til og koma fyrir timburlektum á þak hússins þegar búið er að koma þakpappann á. Byrja skal á að koma fyrir 21x70mm hefluðu furuefni sem liggur eftir sperrulínunni og festist með 4,5x80mm ryðfríum tréskrúfum. Því næst skal koma fyrir 45x95mm hefluðum furulektum, lektur skulu liggja þvert á núverandi sperrur. Skrúfa skal lektur ofan í sperrur í gegnum 21x70mm lektur og borðaklæðningu. Nota skal ryðfríar tréskrúfur 6,0x140mm 2stk á hvern festipunkt.



Skýringarmynd: Lektur festingar 2x skrúfur í gegnum lektur og í sperrur

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó fermetrum (m²) Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið svo sem efni, vinna, velar, flutningur og annað sem til þarf til að fullklára verkið.

2.6 Aluzink bárustál

Liður þessi felur í sér að leggja til og setja aluzink bárustál 0,63mm. Hliðarskorun skal vera ein og hálf bára. Þakklæðningu skal negla með heithúðuðum kampaksaum 4,26x65mm og skulu þéttingar vera undir nöglum. Naglahaus skal vera úr sama efni og þakklæðning. Neðsta röð skal neglast 10cm frá neðri brún á í aðra hverja hábáru, næsta röð 25cm frá neðri brún og skal hún einnig neglast í aðra hverja hábáru. Aðrar neglingaraðir neglist í aðra hverja hábáru max c/c 60cm á milli raða ofan í lektur 45x95mm.

Við uppsetningu skal fylgja leiðbeiningum framleiðenda. Gæta skal þess að efni undir klæðningu skemmist ekki við uppsetningu svo og yfirborðshúð klæðningar. Frágangur skal vera eins og fram kemur á sérteikningum og setja skal þéttingar þar sem þarf og/eða sýnt er á þessum teikningum. Þessir þættir



eru eða skulu vera innifaldir í einingarverði nema annað sé tekið fram. Járnið skal klippt með klippum eða nagara. Ekki má skera með stálblaði eða skurðarskífu vegna hitamyndunar.

Magn er gefið upp í nettó fermetrum (m²) mælt af teikningum, eða af annarri þeirri einingu sem fram kemur í magnskrá. Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið svo sem efni, vinna, vélar og flutningar. Einnig, verkþallar, festingar, umframmagn vegna afskurðar, rýrnunar og skemmda o.s.frv., nema annað sé tekið fram.

2.7 Aluzink bárustál á gafil þaks

Liður þessi felur í sér að klæða báða gafla með aluzink bárustáli, festa skal klæðninguna í núverandi grind. Frágangur skal vera sambærilegur og núverandi gaflar eru.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó fermetrum (m²) í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið svo sem efni, vinna, velar, flutningur og annað sem til þarf til að fullklára verkið.



2.8 Aluzink bárustál á þakkant

Liður þessi felur í sér að klæða báða gafla með aluzink bárustáli, festa skal klæðninguna í núverandi grind,

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó lengdarmetrum (m) í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið svo sem efni, vinna, velar, flutningur og annað sem til þarf til að fullklára verkið.

2.9 Kjöljárn

Liður þessi felur í sér að leggja til og koma fyrir kjöljárn úr aluzink. Efnisþykkt skal vera 0,7 mm eða eins og framleiðandi mælir með fyrir kjöljárn. Stærðir og gerðir þéttinga skulu vera að fyrirmælum framleiðanda og á ábyrgð hans. Kjöljárn skal festa í aðra hverja hábáru með heithúðuðum kambþaksaum 4,2x65 mm. Naglahaus skal vera í sama lit og kjöljárn og bárustálið. Beygja skal lágbáru á bárustáli á þeirri plötuhið sem snýr að mæni upp með skiptilykli áður en að kjöljárn er komið fyrir við mæni.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó lengdarmetrum (m) í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið svo sem efni, vinna, velar, flutningur og annað sem til þarf til að fullklára verkið.



2.10 Áfellur

Endurnýja skal kantáfellur á þakbrúnum á göflum. Nýjar kantáfellur skulu vera úr aluzink stál áfellur. Miða skal við að áfella nái yfir tvær hábárur og beygt sé brot niður í lágbáru. Áfellan skal síðan ná um 6 cm niður á þakkant og vera með lásbroti neðst á langhlið áfelli. Áfellur skal leggja í sem fæstum samskeytum og miða við að hver lengja sé um 2,5-3,0m.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó lengdarmetrum (m) Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið svo sem efni, vinna, velar, flutningur og annað sem til þarf til að fullklára verkið.

2.11 Þakrennur og niðurföll.

Verktaki skal útvega og setja upp rennubönd og þakrennur á langhlið hússins ásamt þakniðurföllum. Um er að ræða hvítar þakrennur 125mm úr blikki, Lindab eða sambærilegt. Festa skal rennubönd ofan á þaklektur með ryðfríum tréskrúfum 4,5x45mm, 3 stk í hvert rennuband, setja skal rennubönd með c/c 600mm. Þakrennur skulu vera með vatnshalla að þakniðurfallsrörum. Verktaki skal útvega og setja upp þakniðurfallsrör hvít 70mm á sama stað og núverandi þakrennur eru staðsettar. Allir stútar og beygjustykki skulu vera innifalinn í þessum verkið.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó lengdarmetrum (m) Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið svo sem efni, vinna, velar, flutningur og annað sem til þarf til að fullklára verkið.

2.12 Þaktúða

Líður þessi felur í sér að fjarlægja núverandi þaktúðu og útvega nýja þaktúðu í sömu stærð og setja upp.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó stykkjum (stk) Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið svo sem efni, vinna, velar, flutningur og annað sem til þarf til að fullklára verkið.



9. Aukaverk

9.0 Aukaverk Almenn atriði

Verktaki skal gera ráð fyrir að hugsanlega þurfi að vinna við auka- og viðbótarverk í tímavinnu. Því skal verktaki gefa upp útselt jafnaðartímagjald fyrir þá starfsmenn og vélar er að verkinu koma. Verktaki skal ávallt gæta þess að tímavinna sé unnin á sem hagkvæmasta máta og unnin af mönnum og tækjum sem hæfa viðkomandi verkþáttum.

9.1 Reikningsvinna

Allir tímavinnutaxtar skulu vera jafnaðartaxtar, óháð því hvenær er unnið, og skulu skráðir í verkbókhalda sem þeir tímar sem viðkomandi aðili var við vinnu á verkstað að frádregnum hádegisverðartíma. Þjóðendur skulu gefa tímagjald fyrir iðnaðarmann og verkamann, innifalið í tímagjaldi skal vera allur kostnaður svo verkfæragjald, fæðiskostnaður, akstur og fl. Verktaki skal gefa upp tímavinnutaxta vegna ófyrirséðra verka og verka sem ekki er hægt að meta umfang á þessu stigi. Verktaki skal leggja til efni eftir því sem þörf er á.

Magntölur og uppgjör: Magn er fjöldi unninna tíma. Einingarverð skal innifela allan kostnað við að hafa starfsmenn í vinnu, s.s. laun, opinber gjöld, félagsgjöld, tryggingar, yfirvinnuálag, bónus, matar- og kaffikostnaður, flutningur, verkstjórn, hagnaður, og allur annar kostnaður. Einnig skal innifalið í einingarverði allur kostnaður vegna almennra handverkfæra, rafsuðuvéla, suðutækja, vélavinna o.þ.h. Ferðatímar og viðbótartímar vegna breyttra eða langra vinnudaga skv. samningum teljast ekki til unninna stunda. Greitt er 10% álag á aðkeypt efni, ef um slíkt er að ræða.